



Starfsáætlun Vífilsskóla Hjallastefnunnar 2015-2016



Þorgerður Anna Arnardóttir skólastýra
Garðabær
2015-2016

Skjal sótt af '00000000000' dags: 24.03 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hagnýtar upplýsingar	4
Skrifstofuþjónusta	4
Forföll barna	4
Leyfi frá skóla	4
Öryggi nemenda	5
Rýmingaráætlun	5
Mötuneyti	5
Stjórnun og starfsfólk Vífilsskóla.....	5
Starfsfólk Vífilsskóla.....	5
Skipurit	7
Skólaráð.....	8
Skólaárið og skóladagatal.....	8
Viðburðir í skólstarfinu	9
Skólasetning	9
Lýðræðisfundir	9
Föstudagsfjör	9
Opnar vikur.....	9
Biophilia.....	9
Vettvangsferðir.....	10
Skák	10
Námsaðstoð utan skóla	10
Félagsmiðstöð	Error! Bookmark not defined.
Jólabasar.....	10
Menningarferðir í desember	10
Öskudagur	10
Vorferðir	10
Vináttuverkefni.....	11
Skil milli skóla	11
Hátíðarstund fyrir 12 ára	11
Skólaslit.....	11
Vorhátíð.....	11
Skóladagur nemenda	12

Skólareglur	12
Nemendur	12
Upplýsingar um nemendur	12
Nemendafélag.....	13
Félags- og tómstundastarf	13
Kjarnakvöld	13
Kjarna- og fjölskyldumorgnar	13
Félagsmiðstöð.....	Error! Bookmark not defined.
Ýmsir viðburðir	13
Tómstundaheimili.....	13
Foreldrar og fjölskyldur.....	13
Miðlun upplýsinga til foreldra.....	14
Foreldrasamstarf.....	14
Haustfundir.....	14
Fjölskylduviðtöl	14
Foreldrafélag	14
Tilhögun kennslu.....	16
Viðmiðunarstundaskrár.....	16
Námsvísar – kennsluáætlanir.....	17
Stoðþjónusta	17
Sérkennsla	17
Fyrirkomulag sérkennslu.....	17
Nemendavernd	18
Námsráðgjöf.....	18
Sálfræðiþjónusta.....	19
Talkennsla	19
Skólaheilsugæsla	20
Túlkaþjónusta	20
Mat á skólastarfi	20
Innra mat	20
Ytra mat.....	21
Skólaþróun	21
Símennntunaráætlun.....	22

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga 2008 ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Vífilsskóla Hjallastefnunnar fyrir skólaárið 2015-2016. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Hagnýtar upplýsingar

Vífilsskóli

Vífilstaðavegi 123

Garðabæ

Sími: 555-7810

Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastýra: 555-7020

Netfang: vifilsskoli@hjalli.is

Heimasíða: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8:00-16:00 alla virka daga.

Forföll barna

Forráðamenn tilkynna forföll barna fyrir upphaf skóladags í síma 5557810 eða á netfangið vifilsskoli@hjalli.is

Leyfi frá skóla

Ef barn þarf að fá leyfi skal haft samband við viðkomandi kjarnakennara, en sé um lengri tíma að ræða en þrjá daga skal sækja um það hjá skólastjóra. Einnig er hægt að sækja um leyfi með

tölvupósti á netfang skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að barn vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi.

Öryggi nemenda

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldurs, óveðurs, eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Áætlunin er kynnt reglulega og er aðgengileg á vef skólans og Garðabæjar: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir. Sjá nánar á: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>.

Mötuneyti

Vífilsskóli nýtur góðs af eldhúsi Barnaskólans á Vífilsstöðum þar er eldaður matur á staðnum og skilað í hitakössum í Vífilsskóla. Milli skólanna eru rúmlega 100 metrar. Nánari upplýsingar um matseðla er að finna á <http://www.hjalli.is/bskeldri/>. Öll börn borða inn á kjörnum með kennara.

Stjórnun og starfsfólk Vífilsskóla

Starfsfólk Vífilsskóla


Við skólann starfa 15 starfsmenn þarf af eru 9 kennarar og 7 aðrir starfsmenn; skólastjóri, stuðningsfulltrúi, sálfræðingur, sérkennarar, skólafreyja og kokkur.

Þórður Guðsteinn Pétursson	Íþrótta- og sundkennari	thordur@hjalli.is
Áslaug Birna Ólafsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur	Aslaug.Birna.Olafsdottir@heilsugaeslan.is
Berglind Brynjólfsdóttir	Sálfræðingur	berglind@hjalli.is
Þorgerður Anna Arnardóttir	Skólastjóri	thaa@hjalli.is
Casper Vissing	Ensku og dönsku kennari	casper@hjalli.is
Drífa Lind Harðardóttir	Drengjakennari	drifah@hjalli.is
Erla Jónsdóttir	Drengjakennari	erlaj@hjalli.is
Kristín Sunna Sigurðardóttir	Listgreinakennari	kristinsunna@hjalli.is
Margrét G. Thoroddsen	Stúlknakennari	margretgt@hjalli.is
Sigríður Heiða Guðmundsd.	Stúlknakennari	sigridurhg@hjalli.is

Sigurjón Ívarsson	Kokkur	sigurjon@hjalli.is
Soffía Júlía Svavarsdóttir	Skólafreyja	julia@hjalli.is
Sturla D. Þorsteinsson	Námsversstjóri	sturla@hjalli.is
Una Guðrún Einarsdóttir	Drengjakennari	unage@hjalli.is
Alexander Bjarki Svavarsson	Stuðningsfulltrúi	alexbjarki@gmail.com

Skipurit

Skipurit Vífilsskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ



Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð (skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr. laga um grunnskóla 2008, getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs er að finna á: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Skólaárið 2014-2015 sitja eftirtaldir í skólaráði:

Fulltrúar foreldra: Ragnheiður Ólöf Böðvarsdóttir og Berglind Arnarsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Erna Káradóttir

Fulltrúar kennara: Drífa Lind Harðardóttir og Sigurbjörg Vilmundardóttir

Fulltrúi annarra starfsmanna: Soffía Júlía Svavarsdóttir

Fulltrúar barna: Stúlka og drengur af 12 ára kjarna

Skólastýrur: Ragnhildur Ólafsdóttir og Þorgerður Anna Arnardóttir.

En aðalfundur foreldrafélags hefur ekki farið fram og því ekki búið að skipa nýtt skólaráð.

Skólaárið og skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar barna eru 180 og þar af er einn skertur dagur, skólasetningardagur. Skertir dagar eru það þegar börn mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur. Kennsla fellur niður í jólaaleyfi barna sem hefst 21. desember til og með 4. janúar. Vetarleyfi er 16. til og með 19. febrúar og páskaaleyfi er 21. mars til og með 28. mars. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 11. september, 28. október, 4. janúar og 15. febrúar og 17. maí. Skóladagatalið má nálgast á heimasíðu skólans: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Viðburðir í skólastarfinu

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum sem auðga og styrkja skólastarfið okkar.

Skólasetning

10 ára börn koma með fjölskyldum sínum inn í sal þar sem þau er boðin velkomin í skólann og hitta kjarnakennara sína og farið yfir það helsta í skólastarfinu. 11 og 12 ára börn fara inn á kjarna þar sem kjarnakennari býður þau velkomin og fer yfir það helsta í skólastarfinu.

Lýðræðisfundir

Hver kjarni heldur lýðræðisfund á 4 vikna fresti með kennara sínum. Þar fá börnin okkar tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri. Þá ræða þau við kennara sína hvernig þeim líður í skólanum, hvað það er sem er jákvætt í skólanum og hvort það er eitthvað sem þau vilja bæta eða hafa öðruvísi. Það er mikilvægt fyrir skólann að börnin okkar upplifi að þau hafi rödd, á þau sé hlustað og þau upplifi að þau geti haft áhrif.

Föstudagsfjör

Á hverjum föstudegi er haldið föstudagsfjör. Þar koma öll börn saman í sal skólans, syngja og skiptast kjarnar á að hafa skemmtiatriði.

Opnar vikur

Eftir hverja lotu þ.e. á fjögurra vikna fresti eru opnar vikur og óhefðbundið skólastarf. Tvisvar á önn eru skipulagða valviku þar sem öllu hefðbundnu skólastarfi er stokkað upp. Börn geta t.d. valið á milli þess að fara í ævintýraferð, leirmótun, spilastöð eða heimilisfræði. Í hverri opinni val-viku eru mismunandi verkefni. Þetta uppbrot á skólastarfinu gefst afar vel. Í þessum vikum blandast hóparnir, bæði kynin og aldur. Vikurnar eru fjörugar, kraftmiklar og einkennast af gleði og samvinnu bæði hjá börnum og kennurum.

Biophilia

Vífilsskóli er að vinna að afar spennandi verkefni sem heitir Biophilia og er eftir Björk Guðmundsdóttur. Björk þróaði þetta verkefni í samvinnu við Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg. Listamaðurinn Curver Thoroddsen vann með okkur í þessu verkefni og var hann með frábærar lista- og vísindasmiðjur tengdar Biophiliu Bjarkar. Björk samdi Biophiliu sem fyrstu gagnvirku geislaflötuna fyrir spjaldtölvur og eru öll lögin tengd einhverju viðfangsefni úr náttúruvísindum, stjörnufræði, líf-, eðlis- eða efnafræði. Börnin læra um DNA, flekaskil, eldingar og rafmagn, sólstöður, árstíðir og tunglið. Tónlistarkennslan er tengd viðfangsefnunum á einn eða annan hátt. Meðal þess sem börnin læra um eru

tónfræðilegir hlutir eins og brotnir hljómar, jafnvægi í tónlist, endurtekningar og lagasmíðar. Margrét kjarnakennari mun halda áfram með verkefnið fyrir hönd skólans.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru tengdar námsefni skólans og farið á skólatíma. Vettvangsferðir eru ýmist í nágrenni skólans og lengra í burtu. Þær eru ýmist farnar með rútu, strætó, hjólað eða gengið eftir því hvert er haldið.

Skák

Hrafn Jökulsson skákmeistari kemur til okkar í Vífilsskóla í eina viku. Hann kennir öllum kjörnum grunnþætti skák og mannganginn. Í lok vikunnar er haldið fjöltefli inn á sal þar sem Hrafn teflir við öll börn skólans.

Námsaðstoð utan skóla

Skólinn hefur boðið upp á fría námsaðstoð eftir skóla bæði fyrir öll börn sem óska eftir því og fyrir bráðger börn sem vilja komast enn lengra í námi.

Jólabasar

Á hverju ári er haldinn jólabasar á vegum foreldrafélagsins þar sem börn selja t.d. jólakort sem þau hafa búið til, jólaskraut, kökur ofl. Þetta er gert til að efla fjár til vorferða en öll börn fara í þriggja til fimm daga vorferð með skólanum.

Menningarferðir í desember

Öll börn og kennarar fara í menningarferð til Reykjavíkur. Farið er í Bíó Paradís og horft á jólamynd. Því næst fer hver kjarni með kennara í göngu um miðbæ Reykjavíkur og heimsækja kaffihús.

Öskudagur

Á öskudag er búningadagur, óhefðbundinn skóladagur en þó ekki skertur. Börn syngja fyrir aðra kjarna og fá sælgæti sem skólinn gefur. Börn og kennarar setja upp stöðvar t.a.m. draugahús, söngstöð, diskó, spilastöð ofl. Öll börn fá tækifæri til að fara á allar stöðvar og eiga skemmtilegan dag.

Vorferðir

10 ára börn fara í vorferð í lok maí og 12 ára börn fara í fimm daga. Foreldrafélagið sér um fjáröflun fyrir vorferðina. Gert er ráð fyrir að 10 ára börn fari í Drangshlíð undir Eyjafjallajökli og 12 ára börn fari að Reykjum í Hrútafirði.

Vináttuverkefni

Til þess að brúa bilið á milli yngsta stig og miðstigs býður Vífilsskóli boðið 9 ára börnum í heimsókn á vorönn til að skoða skólann. Einnig vinna þau samvinnuverkefni með 10 ára börnum þar sem þau kynna sér staðalmyndir kynjanna og jafnrétti. Þar fá þau þjálfun í sköpun, framkomu, samvinnu, upplýsingatækni með því að búa til kynuslandi sögur á spjaldtölvur.

Skil milli skóla

Samvinna milli grunnskóla er mikilvægur þáttur. Markviss samvinna er á milli Barnaskólans og Vífilsskóla á vorönn til að tengja skólastigin saman. Þegar börn fara frá Vífilsskóla eru haldnir skilafundir með þeim skólum sem börnin eru að fara í með sérkennslufulltrúa og farið yfir einstök mál. Í vetur er þó síðasta skólaár miðstigs á Vífilsstöðum að sinni og því verður samvinna eftir aðstæðum.

Hátíðarstund fyrir 12 ára

Föstudag fyrir skólaslit er haldinn hátíðarhádegisverður fyrir 12 ára börnin. Þá borða öll 12 ára börnin saman með kennurum sínum og eldar kokkur skólans hátíðarmat. Daginn fyrir skólaslit er haldin hátíðarstund fyrir 12 ára þar sem þau bjóða foreldrum sínum að koma og sjá lokaverkefni sem þau hafa unnið að. Skólinn afhendir börnunum útskriftargjöf og bjóða upp á léttar veitingar. Eins og fram hefur komið er þetta síðasta skólaár miðstigs á Vífilsstöðum og því verður hátíðarstund fyrir bæði 10 og 12 ára börn.

Skólaslit

Við skólaslit mæta foreldrar kl. 13:00 inn á kjarna hjá barninu sínu og fer hópurinn saman á stað í nágrenni skólans og fá afhendan vitnisburð. Eftir það er vorhátíð foreldrafélagsins þar sem börn og fjölskyldur þeirra eiga góða stund saman.

Vorhátíð

Foreldrafélagið heldur vorhátíð eftir skólaslitin þar koma börn og fjölskyldur saman og eiga góða stund. Þar eru t.d. grillaðar pylsur, hoppukastalar, krakkahestar, andlitsmálning og ýmis skemmtiatriði.

Skóladagur nemenda

Skólastarf Vífilsskóla hefst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum miðstigsins og lýkur kl. 14:30.

Skólahúsnæðið er opið frá kl. 8:00 á morgnana og starfsfólk mætir frá kl. 8:00-8:30. Börn geta mætt í skólann fyrir kl. 8:30 á morgnana og stendur kjarni hvers hóps opin þar sem fram fer næðis stund í umsjón starfsfólks. Eftir að skóla lýkur á daginn fara öll börn beint heim eða í tómstundir utan skóla.

Börn fá tvær 30 mínútna valstundir þar sem hver og einn velur á valfundi hvort frjálsum tíma er varið í annars vegar útiveru að hluta og hins vegar inniveru á valsvæðum þar sem börn velja viðfangsefni eftir áhugasviði hvers og eins. Valstundir koma í staðinn fyrir hefðbundnar frímínútur sem eru ekki í Hjallastefnuskólum. Hádegishlé stendur yfir í 20 mínútur. Öll börn eru í mataráskrift en heitur matur er framreiddur inn á kjarna hvers hóps. Heitur matur er eldaður í eldhúsi Barnaskólans á Vífilstöðum.

Börn sækja íþróttakennslu í Ásgarði einu sinni í viku og úti í nágrenni skólans einu sinni í viku yfir allt skólaárið. Sundkennslan fer fram í sundlaug Álftaness 12 ára börn eru í sundi einu sinni í viku yfir allt skólaárið en 10 ára börn eru í sundi einu sinni í viku hálft árið í senn.

Skólareglur

Skólastjóri skal sjá til þess að skólareglur séu settar. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra. Skólareglur Vífilsskóla taka mið af meginreglum Hjallastefnunnar þar sem virðing, jákvæðni og samvinna eru meginstefin. Skólareglur ná því til alls skólasamfélagsins þar sem börn, foreldrar og kennarar skuldbinda sig vinnulagi meginreglna Hjallastefnunnar í einu og öllu. Sjá meginreglur í skólanámskrá á vef skólans: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>.

Nemendur

Upplýsingar um nemendur

Skólaárið 2015-2016 eru í skólanum 43 börn, 17 stúlkur og 26 drengir. Börnum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara. Á 10 ára stúlknakjarna eru 13 stúlkur í einum umsjónarhópi, á 10 ára drengjakjarna eru 16 drengir í tveimur umsjónarhópum, á 11 ára stúlknakjarna eru 16 stúlkur í einum umsjónarhópi, það verður ekki 11 ára kjarni þetta skólaár, á 12 ára stúlknakjarna eru 13 stúlkur í einum umsjónarhópi og á 12 ára drengjakjarna eru 13 drengir í einum umsjónarhópi með stuðningi inn á kjarna. Umsjónarkennarar eru sex.

Yfirlit yfir kjarna, fjölda stúlkna, drengja og umsjónarkennara

Kjarni	Stúlkur	Drengir	Alls	umsjónarkennarar
10 ára	8	14	22	3
11 ára	0	0	0	0
12 ára	9	12	21	2
Alls	17	26	43	5

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla 2008 skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Það er haft að leiðarljósi sem og lýðræði. Öll börn eiga tækifæri til þess að taka þátt í nemendafélaginu. Fundirnir eru haldnir u.þ.b. tvisvar á önn og stýra tveir kennarar þessum fundum.

Félags- og tómstundastarf**Kjarnakvöld**

Kjarnakvöld eru haldin einu sinni á hvorri önn hjá öllum hópum. Þar halda foreldrar utan um dagskrá og standa fyrir notalegri samverustund þar sem hópurinn hittist með foreldrum, innan eða utan skóla.

Kjarna- og fjölskyldumorgnar

Kjarnamorgnar eru haldnir einu sinni á hvorri önn hjá öllum hópum. Þá eru fjölskyldum boðið í kaffi og börn sýna og kynna vel valin verkefni. Fjölskyldumorgnar eru einu sinni á hvorri önn, þá er fjölskyldum boðið í morgunmat og létt spjall inn á kjarna.

Ýmsir viðburðir

Foreldrafélag skólans hefur stutt við félagslíf skólans. Félagið hefur staðið fyrir vorhátíð, fjáröflunarbingói, jólabasar og vorferðum svo eitthvað sé nefnt.

Tómstundaheimili

Í Vífilsskóla er ekki starfrækt tómstundaheimili. Öll börn fara úr skólanum kl. 14:30 í tómstundir utan skóla.

Foreldrar og fjölskyldur

Þegar kemur að fjölskyldum starfar Vífilsskóli eftir Meginreglu 1 Hjallastefnunnar. Öflugt foreldra- og fjölskyldusamstarf er fyrir hendi í Hjallastefnuskólum. Lögð er mikil áhersla á

samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla. Á hverju ári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra til skólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta.

Miðlun upplýsinga til foreldra

Það er virk upplýsingagjöf á milli foreldra og starfsfólks skólans og auðveldar boðleiðir. Í upphaf skólaárs eru námskynningar þar sem kynnt er fyrir foreldrum hvernig skóladeginum og kennslu er háttað. Kjarnakennarar senda föstudagspóst og vikuáætlun næstu viku þar sem farið er yfir vikuna og send eru námsmarkmið þegar við á. Á heimasíðu skólans koma fréttir og aðrar upplýsingar um skólastarfið. Á fjölskyldusíðu skólans eru kjarna upplýsingar og foreldrar geta séð myndir af skólastarfinu.

Foreldrasamstarf

Eins og segir í Meginreglu 1 Hjallastefnunnar er lögð mikil áhersla á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimil og skóla, ef skólinn nýtur ekki traust foreldra, munu kennarar aldrei ná að skapa nauðsynleg tengsl við barnið og þar af leiðandi fær barnið ekki það gæðastarf í skólanum sem það á skilið. Öflugt foreldra- og fjölskyldusamstarf er í Vífilsskóla, fjölskyldumorgnum, fjölskylduviðtölum og fjölskyldusíða á læstu heimasvæði.

Haustrfundir

Um miðjan september er námskynning fyrir foreldra hjá hverjum kjarna. Þar eru kynntar helstu áherslur vetrarins og hvernig skóladeginum er háttað. Foreldrar velja tvo fulltrúa kjarnans í foreldraráð.

Fjölskylduviðtöl

Tvisvar yfir veturinn eru fjölskylduviðtöl á laugardögum. Þá fá foreldrar/forráðamenn ásamt barni sínu viðtalstíma við kjarnakennara. Einnig eru aðrir kennarar til viðtals í skólanum á þessum dögum. Fyrri fjölskylduviðtalið er í lok október og það seinna í byrjun mars.

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Foreldrafélag Vífilsskóla er samstarfsvettvangur foreldra sem uppálenda.

Stjórnina skipa 12 fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Félagið skipuleggur m.a. jólabasar, bingókvöld, vorhátíð og fræðslufundi fyrir foreldra. Aðalfundur félagsins er haldinn í september ár hvert með

hefðbundinni aðalfundardagskrá og þegar starfsáætlun var unnin hafði hann ekki verið haldinn og því er ný stjórn ekki uppfærð. Starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á:

<http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Skólaárið 2014-2015 skipa eftirtaldir stjórn foreldrafélagsins

Formaður og fulltrúi í skólaráði: Ragnheiður Ólöf Böðvarsdóttir

Varaformaður: Sunna Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Hugrún Ósk Sævarsdóttir

Fulltrúi Grunnstoð Garðabæjar: Linda Jóhannsdóttir

Fulltrúi í skólaráði og Grunnstoð Garðabæjar: Berglind Arnarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga: Auður Aðalsteinsdóttir og Aníta Sigurbergisdóttir

Ritari: Elfa Bára Bjarnadóttir

Meðstjórnendur: tveir foreldrafulltrúar hvers kjarna. Sjá frekar á heimasíðu skólans:

<http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Tilhögun kennslu

Kennsla í 5.-7. bekk er skipulögð skv. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá liggur til grundvallar. Markmið og innihald kennslunnar eru sett fram í námsáætlunum sem kynntar eru foreldrum á námskynningu í september og birtar á heimasíðu skólans: [http:// www.hjalli.is/bskeldri/](http://www.hjalli.is/bskeldri/).

Viðmiðunarstundaskrár

Námsgrein/árgangur	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Íslenska					240	220	220			
Stærðfræði					200	200	200			
Samfélagsfræði /trúarbragðfræði/lífsleikni					200	200	200			
Náttúrufræði					120	120	100			
Enska*					90	90	90			
Danska						45	90			
Upplýsinga- og tæknimennt					100	100	100			
List- og verkgreinar *					180	180	180			
Tónmennt – samsöngur *					65	65	65			
Íþróttir – íþróttasal/íþróttir utandyra					60/30	60/30	60/30			
Sund					50	50	50			
Til ráðstöfunar/val					45	40	15			
Samtals					1400	1400	1400			

*Enska er kennd í öllum leik- og grunnskólum í Hjallastefnunni. Kenndur mínútufjöldi á yngsta stigi er mun hærri en segir í viðmiðunarstundaskrá og þ.a.l. höfum við náð viðmiðum í enskukennslu.

*List- og verkgreinar (myndlist, smíði og textílmennnt) eru kenndar með föstum tímum í dagskipulagi allt skólaárið. Heimilisfræði er kennd í lotum með kjarna- og tungumálakennara.

*Tónmennt:

1. Hildur Guðný Þórhallsdóttir og Þórdís Heiða Kristjánsdóttir, tónlistarkennarar sjá um kennsluna

2. Biophilia tónlistarverkefni kennt í lotu
3. Samsöngur alla föstudaga
4. Samsöngur á kjarna

Námsvísar – kennsluáætlanir

Sjá á heimasíðu skólans: <http://www.hjalli.is/bskeldri/>

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í fyllsta samræmi við eðli og þarfir hvers barns og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum börnum fyrir viðeigandi kennslu.

Í Vífilsskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd barna
- að börn fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja börn í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra sem best.

Fyrirkomulag sérkennslu

Sérkennsla í Vífilsskóla skiptist í eftirtalda þætti:

- Kennsla barna með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluáðstæðum. Kennsla nemenda fer ýmist fram innan hópsins þar sem aukakennari/sérkennari kemur inn eða í einstaklingsþjálfun í námsveri.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði. Ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá.
- Nýbúafræðsla, ætluð börnum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis þegar við á.

Börn fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu barna og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Nemendavernd

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í Vífilsskóla. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, hjúkrunarfræðingur skólans, námsversstjóri og sálfræðingur skólans. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðiþjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við börn skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum barna og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Reglulegir fundir eru haldnir einu sinni í mánuði, en oftast ef þurfa þykir vegna einstakra mála. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um barn í umsjónarhópi sínum og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Námsráðgjöf

Það er ekki fastur námsráðgjafi starfandi við skólann og leitað er leiða til að bæta úr því. Hlutverk námsráðgjafa við skólann er að vera málsvári barna og trúnaðarmaður. Til námsráðgjafa eiga börn og foreldrar að geta leitað í ýmsum málum. Allt sem snertir velferð barna og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans. Sálfræðingur sinnir hlutverki námsráðgjafa.

Helstu verkefni námsráðgjafa eru:

- *Veita börnum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf.*
- *Leiðbeina börnum um vinnubrögð í námi.*
- *Veita börnum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara að ná settum markmiðum í námi.*
- *Taka þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum.*
- *Aðstoða börn við að setja sér markmið og gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum*
- *Sinna fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.*
- *Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra.*

Sálfræðingur vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing og skólastjórnanda og vísar málum til þeirra eftir því sem við á.

Sálfræðipjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan barna. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til barna, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- eða tilfinningavanda barna en ekki meðferð þeirra.

Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum.

Skólasálfræðingur starfar í skólanum í hlutastarfi, einn dag í viku, á þriðjudögum. Hann situr í nemendaverndarráði skólans og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara og námsversstjóra skólans.

Talkennsla

Ekki er starfandi talmeinafræðingur við skólann en ráðgjöf og greiningu annast talmeinafræðingur utan skólans. Talmeinafræðingur veitir börnum þjónustu í formi talkennslu og málörvunar. Einnig leggur hann fyrir málþroskapróf og veitir börnum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Talmeinafræðingurinn greinir málþroska barna, veitir þeim talkennslu og málörvun og veitir skólanum upplýsingar þar að lútandi. Skólinn kallar talmeinafræðing til eftir beiðnum sérkennara og foreldra.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Hjúkrunarfræðingur í 25% starfi er við í skólanum á fimmtudögum.

Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/ forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu.

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða skólaliði veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.

Túlkapjónusta

Öll túlkapjónusta er sótt til Alþjóðahúss þegar á þarf að halda.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er liður í lögbundu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla aðalnámskrár grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar frá 2014 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Markmið mats og eftirlits er einkum þrjúþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Innra mat

Í innra mati skal gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Megin stoðir Sjálfsmatsáætlunar Vífilsskóla og námsmats byggja annars vegar á námsmati skólans sem er í sífelldri þróun og hins vegar reglubundnum viðhorfakönnunum foreldra,

barna og starfsmanna, samráði sjálfsmatshóps skólans sem og reglubundnum samráðsfundum alls starfsfólks þar sem farið er yfir starfshætti og fagstarf skólans hverju sinni. Mat foreldra og starfsmanna á skólastarfinu er víðtækt og nær til allra helstu þátta skólastarfsins.

Foreldrakannanir og starfsmannakannanir eru framkvæmdar einu sinn á skólaári og eru undir stjórn verkefnastjóra Hjallastefnunnar. Kannanirnar eru rafrænar. Helstu niðurstöður eru kynntar stjórnendum hverju sinni, starfsmannahópnum sem og skólaráði. Niðurstöður eru markvisst notaðar til að bæta um betur allt það sem betur má fara í starfi skólans. Hvort heldur sem um ræðir niðurstöður foreldra eða starfsmanna. Starfsemi skólans er stöðugt í þróun og því er það m.a. hlutverk skólastjóra að stýra umræðu og ákvarðanatöku um alla þætti starfsins dags daglega. Símat skólans byggist á því að umræðan um það hvað sé að virka og hvað sé ekki að virka er lifandi og brugðist er hratt við ef á þarf að halda. Vífilsskóli tekur þátt í viðhorfakönnun barna á vegum Skólapúlsins fyrir 11 og 12 ára gömul börn. Könnun sem er tekin tvisvar yfir skólaárið.

Námsmat Vífilsskóla byggir annars vegar á hefðbundnum námsgreinum aðalnámskrár og hins vegar á öllum sex þáttum kynjanámskrárinnar. Leiðsagnarmat er sú námsmatsleið sem verið er að innleiða í Vífilsskóla.

Kynjanámskránni er markvisst fylgt eftir með sex lotum yfir skólaárið. Alls eru þetta 15 matsatriði, öll atriðin hafa jafn mikið vægi.

Almenn skólapróf eru lögð fyrir reglulega ásamt hefðbundnum hraðlestrarprófum sem eru tekin reglulega yfir skólaárið. Hluti af leiðsagnarmati.

Allt námsmat byggir að stórum hluta á símati kennara, sjálfsmati barna og jafningamati.

Á heimasíðu skólans er að finna skýrslur skólans <http://www.hjalli.is/bskeldri/>.

Ytra mat

Ytra mat er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Vífilsskóli var í úttekt hjá mennta- og menningarmálaráðuneytis haustið 2014 og var gerð umbótaáætlun í framhaldi af því. Sjálfsmatsskýrslur og ársskýrslur eru á vef skólans sjá <http://www.hjalli.is/bskeldri/>.

Skólapróun

Starfsfólk Vífilsskóla leggur mikla áherslu á að þróa skólastarfið. Þróun fagstarfs skólans er umfangsmikil enda skólinn aðeins 5 ára. Skólinn er að stíga sín fyrstu skref í mótun starfsins

og frumraun í skólahaldi Hjallastefnunnar á miðstigi. Að mörgu er að hyggja við samþættingu almennrar kennslu 10-12 ára barna og hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Spannandi frumkvöðlaverkefni sem nýtt stef í skólastarfi á Íslandi. Spjaldtölvunotkun verður áfram hluti af þróunarstarfi skólans. Fenginn var umsjónarmanneskja með notkun spjaldtölva í kennslu til þess að þróa starfið okkar enn frekar og til þess að fara enn lengra með spjaldtölvunotkun, samþætta og nýta hana í öllu fögum. Einnig verður haldið áfram að þróa og innleiða Leið til læsis enn frekar inn í skólastarfið og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Skólinn fékk úthlutun frá þróunarsjóði Garðabæjar til þess að kenna ritlist og verður það t.a.m. eitt af markmiðum og skólans að efla áhuga á læsi og ritun. Nýliðanámskeið, þ.e. fræðsla um Hjallastefnuna og kynjanámskrána, eru fyrir nýja kennara og kennarar geta sótt sér símenntun í samræmi við óskir sínar og þarfir skv. upplýsingum í skólanámskrá. Eftir sem áður verður þetta síðasta skólaár miðstigs að sinni.

Símenntunaráætlun

Á hverju hausti fyrir skólabyrjun eru 3ja daga námskeið ætluð kennurum Vífilsskóla á vegum Hjallastefnunnar. Þar er farið í meginþætti Hjallastefnunnar þ.e. kynjauppeldið og uppbótarvinnuna, ásamt því að boðið er upp á námskeið í kennsluháttum miðstigs með ólíkum áherslum frá ári til árs. Á sameiginlegum samráðsfundum sem og starfsdögum starfsfólks eru fengnir gestakennarar sem starfa innan fagsviðs miðstigsins. Þetta skólaárið fáum við Gerði Kristnýju til þess að kenna ritlist til þess að efla og vekja áhuga barna á læsi og ritun. Önnur símenntun er á vegum kennaranna sjálfra og hafa kennarar tök á að sækja þau námskeið sem þeir kjósa allt árið um kring m.a. námskeið sem skipulögð eru af skólaskrifstofu Garðabæjar.